

**Samkomulag aðlögunarnefndar Veiðimálastofnunar og Starfsmannafélags
ríkisstofnana um forsendur röðunar starfa við stofnunina, skv. ákvæðum
kjarasamnings félagsins (SFR) og fjármálaráðherra frá 5. mars 2005.**

1. Gildissvið.

Samkomulag er gert á grundvelli kjarasamnings Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR) og fjármálaráðherra sem gerður var 5. mars 2005. Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem starfa hjá Veiðimálastofnun.

2. Markmið nýs launakerfis.

Aðilar eru sammála um að markmið með breyttu launakerfi sé:

- a) að koma á launakerfi sem stuðlar að hæfari starfsmönnun og betri stofnun.
- b) að uppfylla gagnkvæmar þarfir og væntingar starfsmanna og stofnunar og verður einn liður í því regluleg starfsmannaviðtöl milli forstöðumanns stofnunarinnar og starfsmanna þar sem starf og frammistaða er metin.
- c) að gera launakerfið hvetjandi og stuðla þannig að aukinni framlegð stofnunarinnar.
- d) að tekið sé tillit til aukinnar menntunar, ábyrgðar og afkasta.
- e) að jafnræði verði í launum fyrir sambærileg störf.

3. Skilgreining starfa og grunnröðun í launaflokka á Veiðimálastofnun.

Starfsheiti:	Launaflokkur
Skrifstofumaður I Annast einföld skrifstofustörf s.s. ljósritun, símsvörun o.fl.	04
Skrifstofumaður II Annast almenn skrifstofustörf undir stjórn annarra	08
Skrifstofumaður III Annast skrifstofustörf og hefur umsjón með ákveðnum verkefnum	13
Skrifstofumaður IV Ber ábyrgð á og hefur umsjón með bókhaldi og greiðslu reikninga	18
Skrifstofustjóri Annast starfsmannahald, sér um aðföng skrifstofu, kostnaðareftirlit og sér um gerð fjárhagsáætlana. Samskipti við ráðuneyti	24
Rannsóknarmaður I Annast almenn rannsóknastörf undir stjórn annarra.	04
Rannsóknarmaður II Annast rannsóknastörf undir stjórn eða leiðsögn annarra.	08

Rannsóknarmaður III

Annast rannsóknastörf og hefur umsjón með ákveðnum verkefnum **13**

Rannsóknarmaður IV

Hefur umsjón með og ber ábyrgð á ákveðnum verkefnum **18**

Rannsóknarmaður V

Skipuleggur og stjórnar ákveðnum verkefnum eða málaflokki **19**

4. Álögur ofan á grunnlaun.

Aðilar hafa orðið ásáttir um að meta neðangreinda þætti til hækkunar grunnlauna sem hér segir:

I. Starfsnám/símenntun:

- a) Starfsmaður sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins skal hækka sem hér segir:
 - b) –starfsmaður sem lokið hefur eins vetra námi skal hækka um 1 launaflokk
 - starfsmaður sem lokið hefur tveggja vetra námi skal hækka um 1 launaflokk
 - starfsmaður sem lokið hefur fjögurra vetra námi skal hækka um 2 launaflokka
- c) Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem er viðurkennd af samningsaðilum og námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:
 - Starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð hækka um 1 launaflokk
 - Starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð hækka um 2 launaflokka
 - Starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð hækka um 3 launaflokka
- d) Starfsmaður skal eiga rétt á að fara á 1 námskeið árlega á vinnutíma að hámarki 30 kennslustundir. Námskeiðið skal nýtast starfsmanni í starfi.

II. Starfsreynsla:

- a) Starfsreynslu hjá stofnuninni skal meta til allt að 4 flokka og þarf 3ja ára starf til að ná hverjum flokki.
- b) Starfsreynsla í sambærilegu starfi annars staðar nýtist á sama hátt og í a).

III. Áhætta:

Eiturefnaálag, ef starfsmaður vinnur að staðaldri með eftirtalin efni :
krabbameinsvaldandi efni, ofnæmisvaldandi efni, geislavirk efni,
leysiefni, spiritus fortis.

Áhætta vegna vinnu við ár og vötn

(bátsferðir, einmenningsvinna við ár/vötn/sjó, rafmagnsveiðar o.fl.)

1 hl.

5. Afkastahvetjandi þættir

Til að gera launakerfið afkastahvetjandi og stuðla að sveigjanleika í verkefnum stofnunarinnar, hafa aðilar orðið ásáttir um eftirfarandi greiðslur til starfsmanna á formi yfirvinnutíma. Aðeins er greitt fyrir þætti sem eru á fagsviði stofnunarinnar. Séu fleiri en einn sem koma að kynningu eða öðru því sem hér að neðan er tilgreint skal tímafjöldi deilast niður eftir samkomulagi hlutaðeigandi. Áður en greinaskrif eru hafin skal leita samþykkis næsta yfirmanns. Ef ritverk, erindi eða veggspjaldakynning er afurð samstarfsverkefna fleiri stofnana er greitt í hlutfalli við aðild Veiðimálastofnunar að verkinu. Framkvæmdastjóri eða deildarstjóri metur verkið í samráði við viðkomandi.

Tímafjöldi

A. Rit, erindi eða aðrar kynningar

A1.

Bók, fræðirit	70-100
Grein birt í ritrýndu tímariti skráð í SCI gagnagrunn	70-100
Grein birt í öðru ritrýndu fræðiriti eða bókarkafli	30-50
Grein birt í ráðstefnuriti eða bókarkafli	20-40
Yfirlitsgreinar eða samantekt og birting langtímarannsókna	30-50
Grein í óritrýndu riti t.d. blaðagrein, Freyr, Veiðimaðurinn	15
Fræðilegar skýrslur	5-30
Ritstjórn á fræðibók	30-50

A2.

Erindi á vísindaráðstefnu	10
Inngangsfyrirlestur á ráðstefnu	15
Fræðilegt erindi á smærri málþingum, vinnusmiðjum o.s.frv.	5
Erindi flutt fyrir félagasamtök í nafni stofnunarinnar	2

A3.

Veggspjaldakynning á vísindaráðstefnu	8
Veggspjaldakynning á fræðslufundum	4

B. Annað

Óvenju umfangsmikil verkefni t.d. skipulagning á ráðstefnu, Koma upp tækjabúnaði, undirbúningur og skipulagning verkefna	10-100
Veiðibækur 2 stundir fyrir hverjar 1000 færslur	
Þátttaka og virkni í alþjóðlegu vísindasamstarfi	10-100

6 Yfirvinna á föstum vinnustað

Ekki sé unnin yfirvinna á föstum vinnustað og sé hún unnin þá sé ekki greitt fyrir hana, utan þess sem um getur í lið 1, nema sérstaklega standi á og með samþykki framkvæmdastjóra.

7 Yfirvinna í rannsóknarferðum fjarri heimili og föstum vinnustað.

Í rannsóknarferðum er greitt allt að 5 yfirvinnutímar virka daga og allt að 10 tímum laugardaga og sunnudaga.

8 Símenntun – ráðstefnur

Leitast skal við að gefa starfsfólki kost á símenntun. Á sama hátt skal gefa starfsfólki færi á að sækja ráðstefnur og sýningar innanlands og erlendis. Stofnunin greiði kostnað við slíkar ferðir.

9 Sveigjanlegur vinnutími

Starfsmenn skuli eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma í samráði við yfirmann. Þegar vinnuskylda hefur verið uppfyllt skal starfsmaður eiga kost á að taka yfirvinnu sem unnin er á föstum vinnustað út í frí í samráði við yfirmann og skal frítökutími hafa ígildi yfirvinnu í tímalengd. Gefist starfsmanni ekki kostur á að nýta sér uppsafnaðan frítökurétt, skal hann greiddur út í árslok.

10. Vísiregla

Ákvörðun sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmanni eða öðrum starfsmönnum svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

11. Félagsmen í SFR á Veiðimálastofnun hækka 1. maí 2006 og 1. maí 2007 samkvæmt fylgiblaði 1.

12. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2006

Reykjavík 21. júní 2006

F. h. SFR

F.h. Veiðimálastofnunar

Sign.

Póra Vignisdóttir

Eydís H. Njarðardóttir

Björn Theodórsson

Sign.

Sigurður Guðjónsson

Fylgiblað 1

Við yfirfærslu í nýtt launakerfi þann 1. maí 2006 skulu starfsmenn Veiðimálastofnunar í SFR hækka sem samsvarar einum launaflokki.

Þann 1. maí 2007 hækka starfsmenn Veiðimálastofnunar í SFR um einn launaflokk. Auk þess skulu þeir rannsóknamenn sem voru við störf þann 1. maí 2006 og starfa enn 1. maí 2007 grunnraðað í sama launaflokk án tillits til kynferðis og nýttur sá hluti launahækkunar sem hugsaður er til að jafna laun kynjanna.